

Fundur í íþróttá- og tómstundanefnd haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar 30. maí 2011 kl.12:00

Mættir: Vilborg Stefánsdóttir, Kristín Heimisdóttir, Eggert Stefánsson og Oddný Kristjánsdóttir, íþróttá- og æskulýðsfulltrúi. Ekki gátu allir nefndarmenn komið og ekki náðist í varamenn. Vilborg ritaði fundargerð.

1. Vilborg las fundargerð síðasta fundar.

2. Athugasemd sveitarstjórnar við síðustu fundargerð

Sveitastjórn gerði eftirfarandi athugasemd við fundargerð síðasta fundar ÍTN frá 22.02.2011. *"Í lið átta samþykkir nefndin framlagða tillögu af gjaldskrá þó með þeirri breytingu að sund fyrir börn verði miðuð við 6-12 ára en ekki við 6-14 ára. Sveitastjórn óskar eftir frekari rökstuðningi gagnvart breytingu á gjaldskránni."*

Nefndin vill taka það fram að það láðist að skrifa í síðustu fundargerð, undir þessum lið, að starfsmaður íþróttahússins, Eyþór Atli Jónsson, sat fundinn tímabundið og tók þátt í umræðum um þetta mál.

Nefndin lagði til þessa breytingu í samráði við Eyþór. Tekið var mið af þeim aldri sem var tilgreindur í gjaldskrá fyrir tjaldstæðið þar sem stendur *"12 ára og yngri frítt"* og þótti okkur að það ætti að vera samræmi þar á.

En nefndin vill þá leggja það til núna að gjaldskrá sundlaugar og tjaldstæðis verði samræmd, miðuð við að barnagjald sé fyrir 14 ára og yngri í báðum tilfellum.

Einnig vill nefndin leggja það til að skoðað verði að hafa sér gjaldskrá fyrir sumartíma og vetrartíma.

3. Erindi frá sveitastjórn: Bréf frá Skátafélaginu á Þórshöfn

Nefndin fagnar því að Bandalag Íslenskra skáta vilji endurvekja starfsemi sína hér.

Leggjum við til að fjárstuðningur Langanesbyggðar við Skátafélagið á Þórshöfn verði miðuður við fjárstuðning í önnur félög sem starfa fyrir þennan aldursþóp hér á svæðinu, s.s Ungmennafélagið, Unglingadeild Björgunarsveitarinnar og Hestamannafélagið.

Leggjum við til að sveitarfélagið komi sér upp húsnæði fyrir félagsmiðstöðina og þá gætu skátarnir fengið aðgang að því húsnæði. Brýn nauðsyn er nú fyrir því að félagsmiðstöðin fái húsnæði og ýtir þetta erindi enn undir það.

4. Opnunartími sundlaugar.

Í fundargerð frá ÍTN frá 22.02.2011 var óskað eftir að athugað verði hvað myndi kosta að lengja opnunartíma á laugardögum og jafnvel á sunnudögum. Á fundi sveitarstjórnar 17.03.2011 þegar fundargerðin var tekin fyrir var gerð eftirfarandi athugasemd: *"Sveitastjóra falið að kanna það"*. Nú óskar nefndin aftur eftir því að þetta verði skoðað með það í huga að

hægt verði að byrja með lengri opnunartíma í haust eða um leið og sumaropnun sundlaugarinnar lýkur.

Tillaga nefndarinnar að opnunartíma er eftirfarandi:

Sumaropnun.

Að opið sé virka daga 8-20. Helgardaga 10-17.

Vetraropnun.

Að opið sé virka daga 16-20. Laugardaga 10-16. Sunnudaga 11-14.

Rökstuðningur:

Vegna mikilla aðsóknar í íþróttahúsið síðastliðin ár teljum við mjög jákvætt fyrir samfélagið að húsið sé opið lengur. Þetta gæfi t.d UMFL aukna möguleika á að nýta íþróttahúsið meira og koma á móts við sína iðkendur.

Athuga verður í kostnaðaráætlun að miðað sé við innkomu af útleigu sals, tækjasal og sundlaugar.

#### 5. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi, skýrsla.

Oddný greindi frá starfsemi félagsmiðstöðvarinnar frá síðasta fundi.

Enn hefur ekki verið ráðið í starf flokkstjóra við unglíngavinnu.

Oddný hefur unnið að því að fá námskeið fyrir Vinnuskólann í sumar, Joggle námskeið frá Trúðaskólanum, Verkalýðsfélagið með fyrirlestur um launamál og Sparisjóðurinn. Hún lýsir áhyggjum yfir því hver muni sjá um framkvæmd og skrifinnskumál varðandi Vinnuskólann og þessi námskeið í sumar.

Oddný mun láta af störfum 31. maí. Enn hefur ekki verið ráðin manneskja í hennar starf.

#### 6. Önnur mál

Nefndin vill koma því á framfæri að hún hvarmar að yngsta árganginum verði ekki boðin vinna í Vinnuskólanum í sumar. Telur hún heldur ekki fullreynt að fá ráðinn flokkstjóra í Vinnuskólann.

Nefndin lýsir áhyggjum sínum yfir því að ekki hefur verið ráðið í starf Íþrótt- og æskulýðsfulltrúa. Nauðsynlegt er að halda þessu starfi gangandi í okkar vaxandi samfélagi.

Fundi slitið kl. 13.20